

Ed.

545. Frumvarp til laga

[264. mál]

um breytingu á lögum nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 3. og 4. gr., en tölu-
röð síðari greina breytist samkvæmt því:

- a) Seðlabanki Íslands hefur á hendi bókhald og rekstur Verðjöfnunarsjóðs, og skal ávaxta fé hans í samráði við stjórn sjóðsins, annað hvort í erlendum eða íslenskum gjaldeyri. Í því skyni að tryggja það, að eign sjóðsins í vörslum Seðlabankans haldi verðgildi sínu, án tillits til breytinga á skráðu gengi íslenskrar krónu, er bankanum heimilt að lána bönkum, sparisjóðum, opinberum fjárfestingarsjóðum og ríkissjóði, eða með ríkisábyrgð, fé með þeim lánskjörum, að endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta sé háð breytingum á gengi erlends gjaldeyris gagnvart íslenskri krónu. Seðlabankinn ákveður hæð vaxta af lánum þessum svo og önnur lánskjör.
- b) Ef samanlagt verðmæti hreinnar gjaldeyriseignar Seðlabankans og skuldabréfa hans með gengistryggingu, sbr. 1. gr., nægir ekki eftir 1. janúar 1975 til að tryggja verðgildi innstæðu Verðjöfnunarsjóðs hjá Seðlabankanum skal það, er á vantar, fært til skuldar ríkissjóði á sérstakan reikning hjá bankanum. Um endurgreiðslu þeirrar skuldar og önnur lánaðkjör skal gert sérstakt samkomulag milli fjármálaráðherra og Seðlabankans.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 18 4. apríl 1972 um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögnum frá 28. maí 1969, sem hér er lagt til að breyta, var sú kvöð lögð á Seðlabanka Íslands, að gengistryggja inneign Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, eins og hún væri á hverjum tíma. Í umsögn sinni um frv. benti Seðlabankinn m. a. á að gera mætti ráð fyrir þeim möguleika, að þegar til gengislækkunar kæmi og gengistryggingin yrði virk, þá væri enginn gjaldeyrisvarasjóður fyrir hendi, sem hugsanleg inneign Verðjöfnunarsjóðs gæti talist hluti af. Með þessu var í rauninni vakin athygli á því megin atriði, að gengistryggingin gæti aðeins náð svo langt sem nettó-gjaldeyriseign Seðlabankans hrykki til og að það, sem væri greitt þar fram yfir, yrði af eigin fé bankans, en slík ráðstöfun á fé bankans verður að teljast óeðlileg, auk þess sem um væri að ræða beina peningaútgáfu. Eftir setningu laganna hefur Seðlabankinn séð svo um, að reikningar sjóðsins væru umreiknaðir í samræmi við breytingar á gengi krónunnar til hækkunar eða lækkunar gagnvart dollar. Þetta var unnt að framkvæma svo á meðan hrein gjaldeyriseign bankans nægði til að vega upp á móti inneign Verðjöfnunarsjóðs, sem tryggja átti. Þannig var ástatt fram að gengislækkuninni 2. september 1974. Frá gildistöku laganna og fram til loka ágústmánaðar 1974, höfðu innstæður sjóðsins verið færðar upp eða niður í samræmi við allar gengisbreytingar krónunnar á því tímabili og nam uppfærslan nettó kr. 234.7 millj.

Við gengisbreytinguna 2. september 1974 var hins vegar svo komið, að nettógjald-eyriseign Seðlabankans nam aðeins rúmlega 487 millj. kr., þannig að gengishagnaður af þeirri upphæð til að mæta gengistapi Verðjöfnunarsjóðs nam aðeins 99.8 millj. kr. Á hinn bóginn nam gengisuppfærsla innstæðna Verðjöfnunarsjóðs 393.3 millj. kr. Það skorti því um 293.5 millj. kr. á að Seðlabankinn gæti greitt að fullu gengistryggingu Verðjöfnunarsjóðs af gjaldeyriseign sinni, en það samsvarar, að gjaldeyriseign bankans hefði þurft að vera um 1 434 millj. kr. hærrí en í rauninni var við gengislækkunina. Af þessum ástæðum þótti eðlilegt, að hluta af verðhækkun, sem varð vegna gengislækkunarinnar yrði varið til að bæta Verðjöfnunarsjóði það tap, sem hann varð fyrir vegna gengisbreytingarinnar, sbr. b-lið 2. gr. laga nr. 78 frá 30. ágúst 1974 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu. Hin brýna þörf fyrir stuðning við sjávarútveginn, sem komið hefur í ljós síðar, leiddi til þess, að ekki þótti fært að skerða gengishagnaðarsjóð eins og fyrrgreint lagaákvæði hafði gert ráð fyrir. Var því ákveðið við afgreiðslu laganna um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar í desember 1974, að sú upphæð, sem átti að fara til að gengisbæta Verðjöfnunarsjóð, skyldi renna í gengishagnaðarsjóð, sem varið er til styrktar sjávarútveginum.

Í sambandi við þessar breytingar hafa farið fram viðræður milli ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans um nauðsyn þess að setja í lög skýrari ákvæði um gengistryggingu Verðjöfnunarsjóðs, þar sem m. a. væri tekið tillit til þess vandamáls, sem af því hlýst ef hrein gjaldeyriseign Seðlabankans hrekkur ekki til að bæta gengistap Verðjöfnunarsjóðs, svo sem að ofan getur. Með frv. þessu er að því stefnt að leysa þetta vandamál með tvennu móti, annars vegar með því að heimila Seðlabankanum að stofna til útlána innanlands með skilyrðum um, að þau endurgreiðist í samræmi við breytingar á gengi íslensku krónunnar og hins vegar, að ríkissjóður taki á sig vissar skuldbindingar ef aðstæður gera það nauðsynlegt til að fullnægja gengistryggingunni. Jafnframt er svo ráð fyrir gert, að Seðlabankinn greiði af tekjum sínum það, sem á vantar, að hrein gjaldeyriseign hans hrökkvi til að greiða gengistryggingu Verðjöfnunarsjóðs vegna gengisbreytingarinnar 2. september 1974. Samhliða þessu frv. flytur ríkisstjórnin frv. til laga um breytingu á lögum nr. 78/1974, þar sem fyrrgreint ákvæði um ráðstöfun gengishagnaðar í b-lið 2. gr. er fellt niður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæði þessarar greinar er ráð fyrir því gert, að gengistrygging Verðjöfnunarsjóðs haldist, en Seðlabankanum jafnframt heimilað að veita lán innanlands með gengisákvæði. Slíkrar heimildar er þörf þegar þannig stendur á, að hrein gjaldeyriseign Seðlabankans hrekkur ekki til að tryggja inneign Verðjöfnunarsjóðs. Um vexti af slíkum lánum yrði að fara eftir vaxtakjörum á sambærilegum lánum erlendis.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir þeim möguleika, að hrein gjaldeyriseign Seðlabankans, að viðbættum skuldabréfum samkv. 1. gr., hrökkvi ekki til gengistryggingar Verðjöfnunarsjóðs. Þykir þá eðlilegt, að ríkissjóður taki á sig að tryggja það, sem þar er umfram.

Við gengisbreytingu þá, sem framkvæmd var 14. febrúar s.l. og raunar einnig við þær smávægilegu breytingar á gengi, sem urðu um mánaðamótin janúar og febrúar, var svo komið, að gjaldeyrisstaða Seðlabankans var neikvæð og því enginn gjaldeyri til er gæti staðið undir gengistryggingu Verðjöfnunarsjóðs. Því er nauðsynlegt að ákvæði þessarar greinar taki til tímabilsins frá upphafi þessa árs og mundi ríkissjóður samkvæmt því standa undir gengistryggingunni vegna þeirra gengis-

breytinga, sem orðið hafa frá þeim tíma. Miðað við inneign Verðjöfnunarsjóðs við gengislækkunina 14. febrúar 1975 næmi gengisuppfærslan rúmlega 700 millj. kr. Um endurgreiðslu þeirra skulda, sem þannig mynduðust, yrði að semja sérstaklega milli fjármálaráðherra og Seðlabankans.